

FUNDARGERÐ

Árið 2019, mánudaginn 29. júlí kl. 12:00, var haldinn símafundur í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Á símafundi voru: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Friðbjörg Matthíasdóttir, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni og Gústav Aron Gústavssyni sem ritaði fundargerð.

Að auki sátu fundinn Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri og Björn Ingi Óskarsson lögfræðingur hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Greiðslur samkvæmt dómi 2013-2016

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. júlí 2019, um greiðslur til sveitarfélaga á grunni samkomulags vegna uppgjörs á dómi Hæstaréttar. Fram kemur í minnisblaðinu að ríkissjóður greiddi í byrjun júlí fjárhæð að upphæð rúmlega 935 m.kr. Greiðslurnar voru í samræmi við dómsorð í dómi Grímsnes- og Grafningsshrepps gegn ríkissjóði og hins vegar á grunni samkomulags við sveitarfélögin fjögur, Fljótaldshrepps, Ásahrepps, Skorradalshrepps og Hvalfjarðarsveit. Jafnframt kemur fram að fjármálaráðuneytið gerir þá kröfu að bóka eigi greiðslurnar á Jöfnunarsjóð en ekki liggur fyrir hvernig slíkt uppgjör eigi að fara fram.

Í umræðu nefndarinnar kom fram að skoða þurfi málið gaumgæfilega og jafnframt voru uppi þau sjónarmið að óljóst sé hvort ríkissjóður geti gert endurgreiðslukröfu á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Nefndin vill óska eftir að gerð verði lögfræðileg álitgerð varðandi það hvort ríkissjóði sé lagalega heimilt að gera endurgreiðslukröfu á Jöfnunarsjóð. Einnig þarf að skoða málið í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Ákveðið var að skoða málið enn frekar á næsta fundi nefndarinnar.

2. Greiðslur vegna árána 2017 og 2018

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. júlí 2019, varðandi greiðslur til sveitarfélaganna fimm vegna árána 2017 og 2018 í kjölfar dóms Hæstaréttar. Sveitarfélögin fimm sem um ræðir hafa lagt fram kröfur vegna árána 2017 og 2018 vegna samskonar skerðingar á framlögum og Hæstiréttur dæmdi að væri ólöglegt. Fram kemur að heildarfjárhæð krafanna er um 451 m.kr. fyrir árin 2017 og 2018.

Eftir umræðu nefndarinnar var ákveðið að skoða nánar hvort kröfur sveitarfélaganna vegna árána 2017 og 2018 eigi að greiðast af Jöfnunarsjóði. Kröfurnar eru stílaðar á ríkislögmann og eru byggðar á sömu forsendum og dómur Hæstaréttar tók tillit til. Af þeim sökum er edlilegast að ríkissjóður greiði þessar kröfur eins og gert var með kröfurnar vegna árána 2013-2016. Nánari skoðun þyrfti svo að eiga sér stað varðandi endurgreiðslukröfu á Jöfnunarsjóð eins og fram kom í lið 1.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 13:00.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Friðbjörg Matthíasdóttir

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson